



1. Orlofshús



H4.8

Marina er að tala við mágkonu sína, Jóhönnu. Jóhanna og fjölskylda voru að koma úr vikudvöl í sumarbústað rétt fyrir utan Akureyri.



- Jóhanna: Halló Marina. Velkomin til Íslands. Hvað segirðu gott?
- Marina: Þakka þér fyrir, ég segi allt fínt bara, en þú?
- Jóhanna: Allt mjög gott. Við vorum að koma úr orlofshúsinu fyrir norðan. Það var mjög fínt hús. Allt til alls, heitur pottur, uppþvottavél, gasgrill og svefnaðstaða fyrir 10 manns.
- Marina: Frábært. Var hægt að skoða mikið í kring?
- Jóhanna: Já, mjög mikið. Við fórum út um allt og skoðuðum. Við fórum til Mývatns og líka um Skagafjörðinn. Það var líka þessi fína hestaleiga á næsta bæ fyrir krakkana.
- Marina: Gaman. Við erum einmitt að fara í bústað í næstu viku rétt hjá Ísafirði. Heldurðu að það sé ekki mikið að sjá þar líka?
- Jóhanna: Jú, elskan mín góða! Það er frábært að vera á Vestfjörðum. Hrikaleg fjöll og mjög margt hægt að skoða.
- Marina: Já, ég hlakka til að fara.
- Jóhanna: En við þurfum að fara að hittast. Viltu kíkja í kaffi í kvöld og hitta krakkana og Guðjón?
- Marina: Já, endilega. Ég kem eftir matinn.
- Jóhanna: Sjáumst þá, bless, bless.

1.1 Tölum saman!



- Hefur þú leigt orlofshús hjá þínu stéttarfélagi?
- Finnst þér gaman að fara í sumarbústað?
- Af hverju heldurðu að Íslendingum finnist svona gaman að fara í sumarbústað?
- Hvað er hægt að gera í sumarbústað?



Hvað segir Fríða frænka?

Vissir þú að mörg stéttarfélög eiga sumarbústaði (orlofshús) sem hægt er að leigja? Sum stéttarfélög eiga líka íbúðir, bæði á Íslandi og í útlöndum.

1.2 Hefur þú heimsótt þessa bæi á Íslandi?

- Hefur þú farið **til** Akureyrar?
- til** Sauðárkróks?
- til** Egilsstaða?
- til** Ísafjarðar?
- til** Vestmannaeyja?
- til** Borgarness?
- til** Selfoss?
- til** Reykjavíkur?



Til - til fólks, til borga og til landa

Hefur þú komið **til** Póllands?

Í sumar ætla ég í frí **til** Filippseyja.

Ég ætla **til systur** minnar í kvöld, **til London** á morgun og **til Kína** á föstudaginn.

Nei, en ég hef komið **til** Lettlands.

Er það? Ég ætla **til** Vestmannaeyja!

Góða ferð!

1.3 Hvað er hægt að gera þegar þú ert komin/n á staðinn?

Á Akureyri er t.d. hægt að fara í lystigarðinn, á söfn og veitingastaði og *fara í sund!*

Á Sauðárkróki er t.d. hægt að fara út í Dyrhólaey og *fara í sund!*

Á Egilsstöðum er t.d. hægt að sigla á Lagarflijóti og *fara í sund!*

Á Ísafirði er t.d. hægt að spila golf, sigla og *fara í sund!*

Á Selfossi er t.d. hægt að versla, leigja sumarbústað og *fara í sund!*

Í Borgarnesi er t.d. hægt að fara á leiksýningu, fara á söfn og *fara í sund!*

Í Vestmannaeyjum er t.d. hægt að skoða Surtsey, sjá lunda, sigla um eyjarnar og *fara í sund!*

Í Reykjavík er t.d. hægt að eyða mjög miklum peningum í búðum, fara á opinberar stofnanir og kaffihús, lenda í umferðarhnút og *fara í sund!*



1.4 Tölum saman!



- a) Til hvaða bæja á Íslandi hefur þú komið? *Ég hef komið til ...*
- b) Hvaða bæi langar þig að heimsækja á Íslandi? *Mig langar ...*
- c) Hvað langar þig að gera á þessum stöðum?
- d) Hefurðu eytt miklum peningum í Reykjavík?
- e) Hver er uppáhaldssundlaugin þín á Íslandi?
- f) Hvað hefur þú farið oft í heimsókn til þíns heimalands síðan þú fluttir til Íslands?

síðan	Ég hef lært íslensku síðan ég flutti til Íslands. Hún hefur æft sund síðan hún var 10 ára
síðan	Ég fór að versla, síðan fór ég í bíó. Við flugum til Parísar. Síðan tókum við lest til Spánar.

2. Í heimsókn



H4.9



Kjartan og Marina eru í heimsókn hjá mömmu Kjartans og sambýlismanni hennar. Þau heita Guðrún og Pröstur.

Guðrún: Má ekki bjóða þér aðeins meira af kökunni, Marina mín?

Marina: Ómögulega takk. Ég er alveg pakksödd, en hún er mjög góð.

Guðrún: En svolítið meira kaffi? Tíu dropa?

Marina: Já, kannski aðeins meira kaffi takk.

Kjartan: Jelena og Alex, vinir okkar frá Moskvu, voru í heimsókn hjá okkur fyrir tveimur vikum.

Pröstur: Og hvað sýnduð þið þeim?

Kjartan: Þau stoppuðu nú ekki lengi. En við fórum með þau að skoða Gullfoss, Geysi og Þingvelli.

Pröstur: Og hvernig fannst þeim það?

Marina: Þau voru mjög spennt fyrir sögunni. Alex er sagnfræðingur og Jelena kennari.

Guðrún: En Kjartan minn. Veist þú nóg um sögu Íslands til að segja menntuðu, erlendu fólki frá því? Hefði ekki verið betra að panta ferð með leiðsögumanni?

Kjartan: Hvað er þetta mamma! Auðvitað veit ég nóg um Þingvelli og svoleiðis. Svo vorum við líka með bók með okkur.

Guðrún: Jæja, góði minn. Ég segi bara svona. Fáið ykkur endilega meira af kökunni, ég bakaði hana sérstaklega fyrir ykkur.

2.1 Þingvellir

Alþingi H4.10

Alþingi var stofnað á Þingvöllum árið 930 og var haldið þar til ársins 1798. Í tvær vikur á sumrin var alþingi haldið á Þingvöllum. Þetta var eins og lítið samfélag en þangað kom fjöldi fólks frá öllu landinu. Höfðingjar (kallaðir goðar) komu á þingið til að hlusta á lögin, ræða þjóðmálin og dæma fólk til refsinga. Höfðingjarnir komu oft með marga bændur með sér á þingið sem voru stuðningsmenn þeirra. Á þingið komu líka iðnaðarmenn og kaupmenn, bæði erlendir og innlendir. Þangað kom einnig fólk í atvinnuleit, betlarar, sverðasmiðir, sútarar og ölgerðarmenn. Á Þingvöllum hafa margir merkilegir atburðir gerst og staðurinn er núna friðlýstur.



1. Hvar er alþingi Íslands núna?
2. Nefndu dæmi um hvað iðnaðarmaður gerir í dag?

Kristnitakan H4.11

Landnám Íslands var í kringum árið 870. Í upphafi var heiðinn siður á Íslandi. Það þýðir að fólk trúði á forn norræn goð. En árið 1000 var ákveðið að Íslendingar tækju kristna trú. Maður sem hét Þorgeir Ljósvetningagoði átti að ákveða trú Íslendinga. Þorgeir lá inni í tjaldi, undir feldi, heila nótt og heilan dag og hugsaði málið. Eftir það gekk hann að Lögbergi og sagði að Íslendingar ættu að taka kristna trú. Heiðnir menn máttu áfram stunda sína trú ef það var gert í leyni. Eftir að kristin trú kom til landsins komu fleiri menningarstraumar til Íslands og kennsla í lestri og skrift byrjaði.



1. Hvað mátti fólk gera áfram í leyni?
2. Af hvaða dýri heldur þú að feldurinn hans Þorgeirs hafi verið?
3. Getur þú nefnt dæmi um menningarstrauma sem hafa komið til Íslands frá öðrum þjóðum?



Hvað segir Fríða frænka?

Þingvellir eru „sögufrægur staður“ á Íslandi. Það þýðir að frægir atburðir hafa gerst þar í fortíðinni.

2.2 Sagnir í þátíð

nafnháttur	þátíð – eintala	þátíð – fleirtala	lýsingarháttur þátíðar
að skoða	ég skoðaði þú skoðaðir hann skoðaði	við skoðuðum þið skoðuðuð þeir skoðuðu	ég hef skoðað
að baka	ég bakaði	við bökuðum	þau hafa bakað
að keyra	ég keyrði þú keyrðir hann keyrði	við keyrðum þið keyrðuð þær keyrðu	ég hef keyrt
að sýna	ég sýndi	við sýndum	hann getur sýnt
að synda	ég synti	við syntum	þið getið synt
að fara	ég fór þú fórst hún fór	við fórum þið fóruð þær fóru	ég hef farið
að koma	ég kom	við komum	ég get komið
að liggja	ég lá	við lágum	ég hef legið

2.3 Merktu við rétta sögn



Dæmi: Hún sýnduð sýndi sýndir mér íbúðina.

1. Ég fórst fór fórum í heimsókn í gær.

2. Við keyrt keyrði keyrðum mömmu á spítala áðan.

3. Hann syntir syntuð synti skriðsund.

4. Þið láguð lágum láguð lengi í rúminu á sunnudaginn!

5. Þú kom komst komuð of seint í skólann.

2.4 Veldu rétta sögn



voru þurftum keyrðu var borguðu keypti stoppuðu
lent baðst brotnaði sagði keyrði lenti hef tók

Ég _____ inn í gær og _____ í búðina.

Því miður _____ ég í árekstri á leiðinni heim.

Hjónin sem _____ á hinum bílnum

_____ ekki og _____ aftan á minn bíl.

Við _____ að gera skýrslu og þetta _____ svo langan tíma!

Ég _____ aldrei _____ í árekstri á Íslandi. Ég _____ stressuð

en hjónin voru alveg róleg (konan var samt smá pirruð!). Maðurinn _____

afsökunar og _____ að tryggingarnar hans _____ allt tjónið á mínum bíl.

Eitt afturljósið _____ á bílnum mínum.



3. Ferðalag um Ísland

3.1 Hvað er hægt að gera á ferðalögum? Það er til dæmis hægt ...



1. að veiða og ganga á há fjöll
2. að fara á hestaleigu lax í ám
3. að fara á jökul og sjá hvali og höfrunga
4. að fara í fjallgöngu og fara á hestbak
5. að gista í tjaldi og fara á snjósleða
6. að fara í hvalaskoðun og sofa í svefnpoka
7. að eiga rómantíska stund með einhverjum sem manni þykir vænt um!

3.2 Hvað dettur þér fleira í hug? Það er hægt að ...




3.3 Hvað þarf að hafa með sér á ferðalagi um Ísland?



<p>Hvað þarf að taka með sér?</p> <p>tjald regnföt prímus gönguskó góða skapið</p> <p>Hvað fleira er gott að taka með sér?</p>	<p>Til hvers?</p> <p>til að sofa í til að geta verið úti í rigningu til að elda á til að ganga á fjöll til að ferðalagið verði skemmtilegt!</p> <p>Til hvers?</p>

3.4 Nokkur orð um náttúruna



Þetta eru líka orð um náttúruna:

sjór
sandur
nes
tún
mosi
tré
fjörður
foss

- | | | |
|-----------|---|---------------|
| 1 jökull | - | margir jöklar |
| 1 foss | - | margir fossar |
| 1 fjörður | - | margir firðir |
| 1 staður | - | margir staðir |
| 1 bær | - | margir bæir |
| 1 á | - | margar ár |
| 1 vatn | - | mörg vötn |

3.5 Ferðalag um Ísland – hópverkefni



Vinnið 3-4 saman

Skoðið Íslandskort og skipuleggið ferðalag um landið saman.

Þið þurfið að ákveða: *af hverju þið völduð þennan stað*
hvað þið ætlið að skoða og gera
hvað þið þurfið að taka með ykkur

Segið bekknum frá ferðalaginu. Þið getið leikið, sungið, búið til veggspjald eða bara sagt frá hvað þið ætlið að gera.

3.6 „Allir – sumir – enginn“



Búðu til spurningar og gerðu könnun í bekknum.

Merktu hvað margir svara „já“ og hvað margir „nei“

Dæmi: Allir hafa flogið í flugvél. Já: |||| Nei: ||

1. Allir hafa farið í Bláa Lónið!

Hefur þú farið í Bláa Lónið? Já: _____ Nei: _____

2. Sumir hafa farið til Akureyrar.

Hefur þú farið _____? Já: _____ Nei: _____

3. Enginn hefur séð eldgos!

Hefur þú _____? Já: _____ Nei: _____

4. Sumir hafa siglt til Vestmannaeyja.

Hefur þú _____? Já: _____ Nei: _____

5. Allir hafa séð snjó á Íslandi.

Hefur _____? Já: _____ Nei: _____

6. Sumir hafa keyrt hringinn á Íslandi.

Hefur _____? Já: _____ Nei: _____

7. Enginn hefur sofið í tjaldi

_____? Já: _____ Nei: _____

8. Allir hafa gisti í sumarbústað

_____? Já: _____ Nei: _____


4. Hvað vilt þú segja um landið þitt?



H4.12-14


Landið mitt er Pólland.

Ég heiti Katarzyna og kem frá Póllandi. Pólland er land í mið-Evrópu. Það er níunda stærsta land Evrópu. Íbúar landsins eru rúmlega 38 milljónir. Meirihluti landsmanna er rómversk-kaþólskur. Varsjá er höfuðborg Póllands og stærsta borg landsins með tæplega tvær milljónir íbúa. Landið er frekar flöt slétta en það eru fjöll fyrir sunnan. Það er mikill gróður í Póllandi og landið mitt er m.a. frægt fyrir skóga, ávaxtatré og korn. Það eru einnig margar stórar og fallegar byggingar í Póllandi. Ég átti marga vini í Póllandi og ég sakna þeirra núna.



Landið mitt er Filippseyjar

Ég heiti Emily og kem frá Filippseyjum í suð-austur Asíu. Þar búa rúmlega 92 milljónir og landið er tólfta fjölmennasta land í heiminum. Höfuðborgin heitir Manila. Filippseyjar eru margar eyjar og þar eru töluð mjög mörg tungumál, en um 175 tungumál eru á skrá. Það eru tvö opinber tungumál í landinu, enska og filipino (sem er líkt tagalog). Menningin í Filippseyjum er blanda af asískum, spænskum og vestrænum áhrifum. Það er rík matarhefð í landinu mínu og auðvelt að rækta allskonar grænmeti og krydd því það er yfirleitt alltaf heitt og gott veður. Stundum koma hvirfilbylir, miklar nigningar og flóð.



Landið mitt er Kanada



Ég heiti Leo Fisher og ég er frá Kanada. Kanada er mjög stórt land. Í vestri eru stór og há fjöll og skógar þar sem sum helstu tré heimsins vaxa. Í austri eru líka skógar þar sem birnir, elgir og bjórar búa. Í miðju Kanada er landið mjög flatt. Kanadamönnum finnst gaman að spila íshökkí en ég er sundmaður og hef æft skriðsund. Í Kanada er mjög kalt á veturna og mjög heitt á sumrin. Það sem ég sakna mest við kanadísk sumur eru þrumur og eldingar. Í borginni minni er lítið fjall sem er gott að ganga upp á; þaðan sér maður yfir alla borgina. Ég ólst upp í litlu hverfi en þar búa samt fleiri en á Íslandi.



4.1 Skrifðu texta um heimalandið þitt eða heimaborgina þína



5. Hvað kann ég?



Búðu til samtal eða frásögn um ferðalag um Ísland



Empty text box for writing.

Empty text box for writing.

Empty text box for writing.

Empty text box for writing.



6. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann orð um **náttúruna**

- fjall – fjöll
- jökull
- tré
- skógur

2. Ég kann að nota orðið „**til**“

- Ég fer **til vinar míns** í kvöld
- Ég ætla **til Akureyrar** um helgina
- Mig langar **til London** í sumar

3. Ég kann að segja frá heimalandi mínu

4. Æfðir þú þig í að tala? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

5. Æfðir þú þig í að skrifa? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

6. Æfðir þú lestur? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Hvernig gekk? Vel Sæmilega Ekki vel

7. Æfðir þú hlustun? Já, mikið Já, svolítið Nei, mjög lítið
Skildir þú allt? Já, allt Já, mikið Nei, lítið

8. Notaðir þú orðabók? Já, mikið Já, svolítið Nei, ekki neitt

9. Hvað **lærðir þú nýtt** í 2. kafla? _____

10. Hvað ætlar þú **að nota**? _____

11. Hvað þarftu **að læra betur**? _____

Þátíð og lýsingarháttur þátíðar

	tala ^{*1}	læra ^{*2} /reyna ^{*2} /synda ^{*2}	vinna ^{*3} /koma ^{*3}	fá ^{*4}	fara ^{*5} /lesa ^{*5}
ég	talaði	lærði/reyndi/synti	vann/kom	fékk	fór/las
þú	talaðir	lærðir/reyndir/syntir	vannst/komst	fékkst	fórst/last
hann/hún/það	talaði	lærði/reyndi/synti	vann/kom	fékk	fór/las
við	töluðum	lærðum/reyndum/syntum	unnum/komum	fengum	fórum/lásu
þið	töluðuð	lærðuð/reynduð/syntuð	unnuð/komuð	fenguð	fóruð/lásuð
þeir/þær/þau	töluðu	lærðu/reyndu/syntu	unnu/komu	fengu	fóru/lásu
ég hef/get	talað	lært/reynt/synt	unnið/komið	fengið	farið/lesið

Fleirtala nafnorða

karlkyn eintala/fleirtala	kvenkyn eintala/fleirtala	hvorugkyn eintala/fleirtala
strákur-inn/strákar-nir	stelpa-n/stelpur-nar	eyra-ð/eyru-n
penni-nn/pennar-nir	kaka-n/kökur-nar	barn-ið/börn-in
bíll-inn/bílar-nir	mynd-in/myndir-nar	brauð-ið/brauð-in
bær-inn/bæir-nir	æfing-in/æfingar-nar	epli-ð/epli-n
Orð um náttúruna – dæmi		
skógur-inn/skógar-nir	á-in/ár-nar	vatn-ið/vötn-in
jökull-inn/jöklar-nir	hlíð-in/hlíðar-nar	hraun-ið/hraun-in
foss-inn/fossar-nir		tré-ið/tré-in





orð	þýðing
að alast upp	
að ákveða	
að eyða	
að trúa	
alþingi	
bær	
björn	
bóndi	
elding	
fjall	
flatur	
foss	
hestaleiga	
hvalaskoðun	
iðnaðarmaður	
jökull	
leiðsögumaður	
matarhefð	
menningarstraumur	
náttúra	
orlofshús	
skógur	
slétta	
snjósleði	
sögufrægur	
staður	
stéttarfélag	
sumarbústaður	
svefnpoki	
þruma	
trú	
villtur	